

SAMKOMULAG UM GREIÐSLU BÓTA O.FL.

Íslenska ríkið annars vegar og Erla Bolladóttir hins vegar hafa komið sér saman um eftirfarandi sáttargjörð er lýtur að rannsókn svonefnds Geirfinnsmáls og málsmeðferð gagnvart Erlu á meðan á henni stóð, og um bætur vegna gæsluvarðhalds sem Erla sætti sem sakborningur í málinu frá 4. maí til 22. desember 1976.

- (a) Íslenska ríkið greiðir Erlu miskabætur fyrir gæsluvarðhald sem hún sætti á framangreindu tímabili, í alls 232 daga, eða kr. 32.248.000, þ.e. vegna frelsissviptingarinnar og þeirra aðstæðna sem Erlu voru búnaar á nefndu tímabili, sbr. og (d) lið. Um er að ræða fullnaðarbætur af hálfu ríkisins til handa Erlu. Að greiðslunni frágenginni á Erla engar fjárkröfur á hendur ríkinu, hvaða nafni sem þær nefnast, vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála. Við afmörkun bótafjárhæðar er tekið mið af dómi Landsréttar í máli nr. 250/2020 (Guðjón Skarphéðinsson gegn ríkinu).
- (b) Greiðsla skv. (a) lið er án viðurkenningar á bótaskyldu af hálfu ríkisins, en er byggð á sanngitnissjónarmiðum og sem liður í endanlegu uppgjöri ríkisins á bótum vegna þeirra sem sökum voru bornir vegna mannhvarfa í Guðmundar- og Geirfinnsmálum.
- (c) Erla lýsir því yfir að hún muni ekki kæra úrskurð Endurupptökudómstóls í máli nr. 8/2022 til Mannréttindadómstóls Evrópu.
- (d) Forsætisráðherra gefur eftirfarandi yfirlýsingu, sem afsökunarbeiðni til Erlu:


„Hvörf þeirra Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar hafa varpað skugga á íslenskt þjóðlíf um áratuga skeið og sett mark sitt á ævi fjölmargra einstaklinga. Óvissuástandi sem sneri að sakborningum í þessum málum var að mestu eytt með sýknuðómi Hæstaréttar yfir þeim sem taldir voru bera ábyrgð á mannhvörfunum, dómum Landsréttar um sanngjarnar bætur þeim til handa svo og lögum nr. 128/2019, sem tryggðu bætur til aðstandenda hinna sýknuðu sem voru látnir. Þá hafa þeir sem sýknaðir voru og aðstandendur verið beðnir afsökunar á því hvornig staðið var að þeirra málum og að þeir hafi verið ranglega sakfelldir og sætt langri fangelsisvist.

En mál þetta lýtur að fleiri sakborningum í málunum, sem sættu rannsókn og gæsluvarðhaldi, sem á sér vart hliðstæðu í íslenskeri réttarsögu. Erla Bolladóttir, ung kona með kornabarn, sætti þannig gæsluvarðhaldi vegna meintrar hlutdeildar í hvarfi Geirfinns Einarssonar frá byrjun maímánaðar 1976 og fram að jólum sama ár. Aðstæður sem gæsluföngum voru búnaar á þeim tíma voru sérlega erfiðar, eins og dómur hafa staðfest. Erla var sýknuð af ákæru fyrir aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar með dómi Hæstaréttar 1980 og féll því ekki undir sýknuðóm Hæstaréttar á árinu 2018, og því ekki undir þær ráðstafanir sem ríkið ákvað að grípa til í kjölfar hans. Er staða Erlu því sérstök meðal sakborninganna í málinu. Lengd frelsissviptingar hennar meðan á rannsókn Geirfinnsmálsins stóð og aðstæður sem henni og barni hennar voru búnaar á þeim tíma eru fordæmalausar. Í því skyni að leiða til lykta þessi mál, að því er fyrrum sakborninga varðar, þykir eðlilegt og sanngjarnt að biðja Erlu sérstaklega afsökunar á þeirri meðferð sem hún mátti þola og afleiðingum hennar. Þá þykir og sanngjarnt, þó svo að langt sé um liðið, að Erla fái samblíða greiddar bætur vegna frelsissviptingar sinnar í gæsluvarðhaldi til samræmis við bætur sem Landsréttur ákvarðaði sakborningum sem sýknaðir voru af sökum varðandi mannhvörfin.“


(e) Greiðsla fjárhæðar samkvæmt (a) lið skal greidd inn á

Öllu framangreindu til staðfestu;

Gjört í Reykjavík 22. desember 2022.



f.h. forsætisráðuneytisins



f.h. Erlu Bolladóttur, skv. umboði